



SUMAR
2024

VINDÁSHLÍÐ SUMARBÚÐIR

UPPLÝSINGAR TIL FORELDRA/FORSJÁRAÐILA

VINDÁSHLÍÐ

Vindáshlíð eru sumarbúðir KFUM og KFUK í Kjós, rétt um 45 km frá Reykjavík. Á sumrin tökum við á móti rúmlega 1000 stúlkum ár hvert, en pláss er fyrir 82 stelpur í hvern flokk. Á veturna erum við einnig með jólaflokka og páskaflokk í dymbilvikunni. Að auki erum við með skólabúðir yfir allt skólaárið og leigjum út aðstöðu til ýmissa aðila. Vindáshlíð hefur verið með barnastarf síðan 1947.

Í Vindáshlíð er frábært að vera. Þar er íþróttahús og gott útileiksvæði með leiktækjum og fótboltavelli. Umhverfið býður upp á fjölbreytta útiveru, svo sem gönguferðir upp á Sandfell, að Selárfossi (Brúðarslæðu) og að Pokafossi. Þar er einnig hægt að fara í spennandi skógarleiki, ratleik og réttarleik.

Nóg er um afþreyingu á svæðinu. Í íþróttahúsinu er góður salur ásamt þythokkíborði, borðtennisborði og fótboltaspili. Fyrir rólegri afþreyingu er einnig að finna bækur, spil og garn til að búa til vinsælu Vindáshlíðar vinaarmböndin. Rétt við íþróttahúsið er apabré, aparóla sem gaman er að sveifla sér í og lítill skógarkofi. Einnig erum við með FOLF völl í skóginum. Ef veður leyfir þá setjum við hoppukastala í gang sem vekur alltaf jafn mikla lukku.

Hver dagur í Vindáshlíð hefur ákveðið skipulag. Þar er veitt fræðsla um kristna trú, sungnir söngvar auk þess sem alltaf er farið í útivist og leiki. Ekki má gleyma vinsælu brennóleikjunum og íþróttakeppnunum. Á hverju kvöldi eru svo kvöldvökur þar sem stúlkurnar skemmta hver annarri.

Í Vindáshlíð er lögð mikil áhersla á að öllum líði vel og njóti dvalarinnar. Í þessum bækling verða útlistaðir nokkrir hlutir sem gott er að hafa í huga til að undirbúa sig fyrir dvölinu í Vindáshlíð.

FARANGUR

Pökkunarlisti:

- Lak, koddí og sæng/svefnpoki.
- Daglegur fatnaður.
- Útivistarfatnaður.
- Veislufatnaður.
- Íþróttafatnaður.
- Náttföt.
- Handklæði.
- Sundföt.
- Snyrtivörur.
- Inniskór.
- Vatnsbrúsi.
- Góða skó fyrir útileiki og stuttar göngur.

Munið að
merkja allt
dótið ykkar!

Óskilamunum er
safnað saman í
aðalstöðvum KFUM
og KFUK við
Holtaveg 28.

Símar eru **ekki** leyfðir í Vindáshlíð en mörgum stelpum finnst gaman að hafa með sér einnota eða litla stafræna myndavél. Það er einnig **ekki** leyfilegt að taka með sér sælgæti, tyggjó, kex eða annan mat og drykk.

Gott er að merkja allan farangur skilmerkilega. Til að auðvelda börnunum að pakka niður til heimferðar er gott að gera nákvæman lista yfir farangur barnanna. Athugið að föt og aðrar eigur þátttakenda eru á eigin ábyrgð. Óskilamunir eru sendir á skrifstofu KFUM og KFUK að Holtavegi 28 eftir hvern flokk. Í lok sumars áskila sumarþúðirnar sér rétt á að ráðstafa ósóttum óskilamunum.

BROTTFÖR OG HEIMKOMA

Rútur fara frá húsi KFUM og KFUK að Holtavegi 28 klukkan 13:00 á komudegi og koma til baka á sama stað klukkan 14:40 á brottfarardegi.

Forstöðukona hvers flokks er til staðar við brottför og tekur við öllum lyfjum. Hægt er eiga samræður við hana áður en haldið er af stað.

Gjöld fyrir rútur greiðist með dvalargjaldi, en mælt er með því að öll börn komi og fari með rútu. Eigi að skutla börnum eða sækja þau þarf að tilkynna um það. Í þeim tilfellum eru börnin velkomin í Vindáshlíð frá klukkan 14:00 á komudegi og skulu sótt fyrir klukkan 14:00 á brottfarardegi.

Ef til þess kemur að þátttakendur þurfa að skreppa tímabundið úr flokknum (fjölskylduaðstæður, mikilvægir íþróttaleikir o.s.frv.) þá skal tilkynna það fyrirfram og vera með fullu samþykki foreldra/forsjáraðila.

SAMSKIPTI Á MEÐAN DVÖL STENDUR

Símatími forstöðukonu er á milli klukkan 11:30 og 12:00 alla daga. Á þeim tíma geta foreldrar/forsjáraðilar hringt og spurst fyrir um barnið sitt. Símanúmerið er **566-7044**. Ekki er gert ráð fyrir því að foreldrar/forsjáraðilar tali við börnin sín á meðan dvölinni stendur. Forstöðukona mun alltaf hringja í foreldra/forsjáraðila ef eitthvað kemur upp á.

Reglulega eru skrifaðar fréttir af flokknum á heimasíðunni **www.vindashlid.is** en þar er einnig hægt að nálgast myndir af hverjum degi. Þið getið einnig fundið okkur á Instagram.

Ekki er heimilt að heimsækja börnin á meðan á dvöl þeirra stendur.

VEIKINDI, OFNÆMI, ÓÞOL

Tilkynna skal um ofnæmi og/eða óþol að minnsta kosti sjö dögum áður en barn mætir í Vindáshlíð til skrifstofu KFUM og KFUK í síma **588-8899**. Ef barn kemst ekki í Vindáshlíð vegna veikinda skal einnig tilkynna það til skrifstofu.

Ekki þarf að koma með læknisvottorð, nema eins og segir í reglugerð: "Ef barn á við einhvers konar veikindi að stríða skal sá sem vistar barn sitt gefa rekstraraðila upplýsingar um veikindin og skýr fyrirmæli læknis um meðferð, lyfjagjöf o.s.frv. að svo miklu leyti sem slíkt á við." Ef barnið tekur lyf, látið skriflegar leiðbeiningar fylgja með lyfinu og afhendið forstöðukonu við brottför. Það sama á við ef eitthvað annað sérstakt gæti skipt máli varðandi heilsu barnsins og líðan.

LÚSMÝ

Vakin er athygli á því að lúsmýið hefur uppgötvað paradísina sem Vindáshlíð er, og er gjarnt á að heimsækja okkur á sumrin þrátt fyrir alls kyns tilraunir til að sporna við því. Það eru lúsmýnet fyrir öllum svefnherbergisgluggum. Ef börn eru sérstaklega viðkvæm skal gera ráðstafanir eins og hægt er.



HEIMPRÁ

Í hverjum flokk eru stelpur sem fá heimprá og eru þessar tilfinningar fullkomlega eðlilegar. Margar stelpur eru að fara að heiman í fyrsta skipti og tekur það smá tíma að venjast sumarbúðarlífinu. Það er gott að undirbúa stelpurnar fyrir komuna í Vindáshlíð og ræða heimprána sem gæti mögulega blossað upp. Benda þeim á að þessar tilfinningar séu eðlilegar og að bæði börn og fullorðnir fái stundum heimprá. Þar sem foreldrar/forsjáraðilar þekkja börnin sín best er gott að gefa þeim ráð sem þau geta notað, og minna þær á að tala við starfsmenn ef þeim líður illa.

Heimpráin er oft mest fyrstu dagana, oft á kvöldin, og minnkar svo í lok flokksins. Starfsmenn Vindáshlíðar eru meistarar í að hjálpa stelpunum að komast yfir heimprána og veita þeim þá hlýju og hvatningu sem þær þurfa. Við þekkjum þessar tilfinningar vel enda flestar, ef ekki allar, upplifað heimprá sjálfar.

Sumar stelpur biðja um að fá að hringja heim ef þær fá heimprá. Hins vegar hefur okkar reynsla sýnt að það hjálpar sjaldnast ekki og gerir stundum illt verra. Forstöðukona heyrir ávallt í þeim foreldrum/forsjáraðilum ef heimpráin reynist barninu mjög erfið. Þið getið þá ákveðið í sameiningu hvað sé best að gera. En eins og nefnt var hér að ofan getið þið sem foreldrar/forsjáraðilar heyrt í okkur á símatíma og fengið fréttir úr flokknum.

SKILMÁLAR

Við minnum á skilmála vegna skráninga í dvalarflokka sumarbúðanna, en þar er að finna svör við mörgum algengum spurningum (<https://www.kfum.is/sumarstarf/skilmalar-vegna-netskraningar/>).

VARNINGUR

Hægt er að festa kaup á varningi merktum Vindáshlíð við brottför eða heimkomu, eða á opnunartíma skrifstofu KFUM og KFUK á Holtavegi 28. Brot af varningnum er einnig til sölu í Vindáshlíð. Ekki er önnur ástæða fyrir börnin að hafa pening með í för í sumarþúðirnar.

Í sumar verða seldir hvítir stuttermabólir ásamt vatnsbrúsum, "bucket" höttum, taupokum og uppskriftabók Vindáshlíðar.



Bolurinn
kostar
3000 kr.



Öllum þeim sem koma að rekstri sumarbúðanna er annt um það að börnin sem til okkar komi njóti dvalarinnar. Réttur og velferð hvers barns sem dvelur í Vindáshlíð stendur framar öllu öðru og leggjum við mikinn metnað í að tryggja barninu þínu jákvæða og góða upplifun.

KFUM og KFUK leggur mikið upp úr því að starfsmenn félagsins séu bæði hæfir og vel undirbúnir fyrir starf sitt. Öllu starfsfólki er tryggður fjölbreyttur undirbúningur með námskeiðum þar sem lögð er áhersla á fræðslu um þroska barna og unglinga, skyndihjálp og brunavarnir. Starfsmenn KFUM og KFUK eru skyldaðir til að sækja námskeið í barnavernd. Starfað er eftir siðareglum Æskulýðsvettvangsins. Við höfum einnig í áráraðir gert þær kröfur til starfsmanna okkar að þeir skili inn sakavottorði.

Takk fyrir að treysta okkur fyrir barninu þínu.

Virðingarfyllst,
Stjórn og starfsfólk Vindáshlíðar.

